


Landbótasjóður Fljótsdalshrepps
Ársskýrsla stjórnar 2023



Skýslastjórnar

Stjórn Landbótasjóðs er í dag skipuð eftirfarandi stjórnarmönnum:

Anna Jóna Ármarsdóttir, formaður Bessastaðagerði
Einar Sveinn Friðriksson, gjaldkeri Valþjófsstað
Anna Bryndís Tryggvadóttir, ritari Skriðuklaustur

Stjórn sjóðsins fundaði 1. sinni á árinu. Alls bárust 9 umsóknir um landbætur í sjóðinn og voru allar samþykktar, 9 þeirra luku landbótum og fengu greitt. Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins voru á árinu til ráðstöfunar 6.810.830 kr. af þeirri upphæð er reiknað með að fari um 700.000 kr í rekstur sjóðsins og því til úthlutunar landbóta, þá var til úthlutunar 6.110.830 kr. Umsóknir voru umfram þá upphæð eða rúmlega 8.432.940 króna. Stjórnin ákvað að haga úthlutun með eftirfarandi hætti: Enginn fær hærri styrk en kr 800.000. (9,5% af úthlutun). Umsóknir undir 700.000 kr eru ekki skertar. Úthlutun styrkja er 4,5% til 9,5% af úthlutun. Tekið skal fram að þessi vinnuregla gildir aðeins fyrir árið 2023. Að hverju sinni verður að haga úthlutun eftir því sem fjárhagur sjóðsins leyfir. Þetta ár var næst seinasta úthlutunarár sjóðsins.

Úthlutun af fjármunum sjóðsins til landbóta og annars kostnaðar á árinu 2023 varð kr. og skiptist sem hér segist:

Landbótaframlög	5.802.233. kr
Laun og launatengd gjöld	0. kr
Reikningsleg aðstoð	575.757. kr
<hr/>	
Auglýsingar	23.593 kr
SAMTALS	6.401.583.. kr.

Þess má geta að sjóðurinn fékk endurgreiddann virðisaukaskatt að upphæð 138.182 kr. vegna bókhaldskostnaðar. Einnig féll það milli hluta að greiða út laun til stjórnarmanna 2023 og verður það gert upp 2024.

Framkvæmdir 2023

Eftirfarandi 9 verkefni voru samþykkt:

-Arnheiðarstaðir. Svæðin eru neðan og ofan Þjóðvegjar. Gróðursnaud svæði, harðvelli og móar. Milligirðing, með fram Bæjarlæk, ofan við Vörðuklöpp og svæði kringum Háahraun. Áburðardreifing til styrkingar gróðurs.

-Víðivellir fremri. Áburðargjöf til styrkingar staðargróðurs. Svæðið er neðst í fjallshlíð ofan bæjar og eyrar við Kelduá. Sömu svæði og unnið var með.

-Valþjófsstaður 2. Unnið var á bæjarhjalla, Vatnsleysu, svæði í Melgræfum, inn í Teig, melum á milli fjárhúsa og bæjar ásamt fleiri svæðum. Jökulsárhólma þar með talið. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf og dreifing gamalla rúlla.

-Bessastaðagerði. Rýrir melar fyrir ofan bæ. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf.

-Melar. Styrking staðargróðurs með áburðargjöf, melar, móar, urðir og börð í Melafjalli.

-Brekkuagerði. Flóar og mellendi ofan girðingar í Brekkugerðisfjalli.

-Hóll

Dreifing áburðar til að styrkja staðgróður, sáning á grasfræi til að styrkja svörð á rýrum melum og rofabörðum.

-Brekka. Áreyrar utan við veg að Jökulsá á Hólmum. Áburðarþreifing í fjall ofan Brekku inn við Selgil og upp undir Fénaðarhlíð.

-Egilsstaðir. Aðgerðir gegn landeyðingu vegna frosts og ágangs sauðfjárs. Svæðið nær frá Hlaupalæknum inn að Kleifar, sem sagt innsti hluti jarðarinnar Egilsstaða í Fljótssdal.

Framkvæmdir voru á eftirfarandi jörðum:

-Hóll, 1.2 tonn af áburði 22-6-4 borinn á 20 ha. Vallarfoxgras fræ 25kg 1ha

- Arnheiðarstaðir, 2.4 tonn af áburði Sprettur OEN 38-8, 600kg af áburði Sprettur 27-8-3 borinn á 15 ha.
- Víðivellir Fremri, 3 tonn af áburði Völlur 21-10-10 borinn á 85 ha. .
- Valþjófsstaður 2 . 3, tonn af áburði Búvís 22-6-4 borinn á 20.52 ha
- Bessastaðagerði, 2.4 tonn af áburði NP 26-4 og 600kg opti-kas 27-4 borinn á 43 ha.
- Melar, 3.6 tonn af áburði NPK 25-2-6 borinn á 20 ha.
- Brekugerði, 3.6 tonn af áburði Völlur 24-11 borinn á 30 ha.
- Brekka, 3.6 tonn af áburði NP 26-4 borinn á 45 ha.
- Egilsstaðir , 1.2 tonn af áburði Sprettur 27-6-3 borinn á 7 ha.

Samtals var dreift rúmlega 24 tonnum af áburði, 25kg grasfræ á 286 ha. lands. Öll svæðin eru undir 400 m.h.y.s..

Af gefnu tilefni má benda á það að árið 2023 er næstseinasta ár úthlutunar úr Landbótasjóð Fljótsdalshrepps. Stjórn hyggst senda erindi til sveitastjórnar Fljótsdalshrepps og velt upp framtíð sjóðsins. Gera má ráð fyrir því að sveitastjórn muni hafa samband við Landsvirkjun um framhaldið.

Framkvæmdir á vegum Landbótasjóðs Fljótsdalshrepps

